

GJALDSKRÁ

Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Snæfellsbæjar er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr.1.

II. KAFLI.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa o.fl.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestagjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 21.50 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast að bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 11.70 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma hvern almanaksdag sem skip liggur bundið.

Heimilt er að taka lestar – og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 369.00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 15.594.- á mánuði. Bátar 10.0 – 20.0 brt. greiði þó aldrei lægra en kr. 13.194.- á mánuði og bátar að 10.0 brt. greiði þó aldrei lægra en kr. 10.865.- á mánuði.

Heimilt er að leggja á fiskiskip sem liggur við bryggju og landar ekki afla í höfnum Snæfellsbæjar tvöfalt bryggjugjald. Átt er við skip sem liggur við bryggju án þess að landa afla, að lágmarki í einn almanaksmánuð.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiða kr. 17.172.- fyrir hverja viku. Dagjald er kr. 2.700.-

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjölg á land eða úr landi á skipsfjölg, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar, vegna álagningar vörugjalda.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar í land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru látnar á land.

Heimilt er að vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi verði undanþegnar þessu gjald

7. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi.

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

8. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta hafnarstjóra í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir farmeigandinn kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

9. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og greiða eins og þar segir.

Vörugjaldskrá:

- 1. fl.: Gjald kr. 569.- fyrir hvert tonn.
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður, og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
- 2. fl.: Gjald kr. 970.- fyrir hvert tonn.
Lýsi og fiskimjöl.
- 3. fl.: Gjald kr. 1.044.- fyrir hvert tonn.
 - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
 - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
Útvarps og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
- 4. fl.: Gjald kr. 2.773.- fyrir hvert tonn.
Vörur sem ekki eru tilgreindar í 1. – 3. flokki. Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur þeirra með sama skipi.

10. gr.

Aflagjald.

Aflagjald:

1.60 %, sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnasvæðunum til vinnslu eða brottflutnings þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjald af frystum afla fiskiskipa er 0,80%. Aflagjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs.

11. gr.

Sorphirðu- og förgunargjald.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1200/2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Hafnir Snæfellsbæjar taki á móti úrgangi skal tilkynna það að lágmarki 24 klst. fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- a) **Úrgangsgjald:** Við komu skips til hafnar skal skip greiða 2.10 kr. á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 8.553.- og hámarksgjald kr. 75.772.-
- b) **Úrgangsgjald:** Gjald skv. lið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 1.20 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 8.553.- og hámarksgjald kr. 38.038.-
- c) **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem eru undir 60 metrar að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Höfnum Snæfellsbæjar skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 8.860.- á mánuði.
- d) **Förgunargjald:** Við komu skips til hafnar skulu öll skip sem falla undir grein 11 í lögum nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi á land. Förgunargjaldið skal standa undir förgun á úrgangi sem skilað er á land:
Farþegaskip yfir 60 metrar á lengd skulu greiða kr. 3.40 á brt.
Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn:
Farþegaskip undir 30.000 brt. 3,5 m³
Farþegaskip frá 30.000 brt. til 100.000 brt: 8 m³
Farþegaskip yfir 100.000 brt. 10 m³
Önnur skip skulu greiða kr. 3.40 á brt. Gjaldið miðast við 3,5 m³ af sorpi.
- e) **Förgunargjald:** Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. lið d. endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Höfnum Snæfellsbæjar innan 48 klst. frá brottför skips.
- f) Samkvæmt 11. grein reglugerðar nr. 1200/2014 getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs.
Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

g) Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. c lið 11. greinar laga nr. 33/2004 skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi.

Bátar að 20.0 brt.	kr. 3.741.- á mánuði.
Bátar 20.0 – 50.0 brt.	kr. 9.759.- á mánuði.
Bátar 50.0 – 200.0 brt.	kr. 14.117.- á mánuði.
Bátar 200.0 brt. og stærri,	kr. 19.085.- á mánuði.

12. gr.

Vatns og rafmagnssala.

Vatnsgjöld:

Bátar að 10.0 brt.	kr. 2.974.- á mánuði.
Bátar 10.0 – 20.0 brt.	kr. 5.379.- á mánuði.
Bátar 20.0 – 50.0 brt.	kr. 6.266.- á mánuði.
Bátar 50.0 – 100.0 brt.	kr. 13.404.- á mánuði.
Bátar 100.0 brt. og stærri,	kr. 26.799.- á mánuði.
Vatn selt eftir mæli,	kr. 1.685.- á tonn.
Afgreiðslugjald á virkum dögum kl. 08.00 – 17.00	kr. 8.624.-.
Afgreiðslugjald á öðrum tímum,	kr. 15.997.-.

Rafmagnssala:

Rafmagnsnotkun hver kw. stund,	kr. 23.30
--------------------------------	-----------

13. gr.

Vogargjöld.

Almenn vigtun,	kr. 610.- á tonn.
Vigtun á salti, jarðefnum o.þ.h.	kr. 610.- á tonn.
Almenn vigtun, vigtun á salti, jarðefnum o.þ.h. – lágmarksgjald,	kr. 610.- á mánuði
Vigtun á ökutækjum, vögnum, o.þ.h.	kr. 8.798.- hver vigtun.
Yfirvinnugjald vigtarmanns,	kr. 8.408.- á klst.
Yfirvinnugjald vigtarmanns, lágmarksgjald,	kr. 3.087.-
Yfirvinnugjaldið er innheimt alla daga nema sunnudaga kl. 22.00 – 08.00 og á sunnudögum kl. 24.00 – 16.00 og kl. 20.00 – 24.00	

14. gr.

Kranagjald.

Notkun á löndunarkrönum,	kr. 668.- á tonn.
Notkun á löndunarkrönum – lágmarksgjald,	kr. 668.- á mánuði

15. gr.

Farþegagjald.

Fyrir hvern fullorðinn með farþegabátum og skemmtiferðask.,	kr. 297.-
---	-----------

16. gr.

Hafnsögu og festargjöld.

Hafnsögugjöld:

Hafnsögubátur, hver ferð við komu og brottför,	kr. 65.550.-
Hafnsögugjald fastagjald,	kr. 11.540.-
Hafnsögugjald m.v. stærð,	kr. 15.60 á brt.

Festargjöld:

Landfestargjald við komu á virkum dögum kl. 08.00 – 17.00,	kr. 15.546.-
Landfestargjald við brottför á virkum dögum kl. 08.00 – 17.00,	kr. 15.546.-
Landfestargjald við komu á öðrum tímum,	kr. 24.093.-
Landfestargjald við brottför á öðrum tímum,	kr. 24.093.-

Við komu og brottför skipa skal a.m.k. einn starfsmaður hafnanna sinna því starfi og miðast gjaldskráin við það. Þurfi fleiri starfsmenn er gjald fyrir hvern aukamann það sama.

17. gr.

Leigugjöld og önnur gjöld.

Flotbryggjur:

Gjald vegna leigu á einkapláss við fingurflotbryggju er eftirfarandi og miðast við að gjaldið sé greitt fyrirfram.

- | | |
|---|------------------------|
| a) Flotbryggjupláss við fingur í 12 mánuði, | kr. 18.190.- á mánuði. |
| b) Flotbryggjupláss við fingur í 6 – 12 mánuði, | kr. 21.421.- á mánuði. |
| c) Flotbryggjupláss við fingur í 1 – 6 mánuði, | kr. 24.590.- á mánuði. |

Olíuafgreiðslur:

Gjald vegna aðstöðu fyrir olíudælur,	kr. 23.786.- á mánuði.
--------------------------------------	------------------------

Gámar og söluvagnar:

Gjald fyrir söluvagna, gáma o.þ.h. á hafnasvæðum pr. m ²	kr. 225.- á mánuði.
---	---------------------

Upptökuspil Arnarstapahöfn:

Gjald fyrir notkun á spili við uppsátur	kr. 6.051.- hvert skipti.
---	---------------------------

Uppsátur á hafnarsvæðum:

Gjald fyrir notkun á uppsátri	kr. 3.732.- hvert skipti.
-------------------------------	---------------------------

Útseld vinna hafnarstarfsmanna:

Hafnarstarfsmenn dagvinna	kr. 8.454.- á klst.
Hafnarstarfsmenn næturvinna	kr. 10.991.- á klst.
Hafnarstarfsmenn við hreinsun og mengunarstörf	kr. 14.287.- á klst.

Geymsla báta á landi:

Gjald fyrir geymslu báta á landi á hafnarsvæðum	kr. 5.724.- á mánuði
---	----------------------

Skilagjald á lyklum:

Skilagjald fyrir lykil að hliði á fingurflotbryggju pr. stk.	kr. 5.706.-
Skilagjald fyrir lykil að löndunarkrana pr. stk.	kr. 5.706.-

III. KAFLI.

18. gr.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

19. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarsjóðs Snæfellsbæjar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarsjóðs.

20. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnanna en sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfnunum. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur farm sinn ekki skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfn og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingafé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Hafnarsjóði Snæfellsbæjar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

22. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Snæfellsbæjar er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV. KAFLI.

Gildistaka.

23. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Snæfellsbæjar er samþykkt af hafnarstjórn þann 30. júlí 2025, skv. hafnalögum nr. 61/2003, m.s.b. og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. ágúst 2025 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Snæfellsbæjar frá 1. janúar 2025.

Ólafsvík 30. júlí 2025.

Björn Arnaldsson.

Björn Arnaldsson hafnarstjóri.